



Minnisblað
Hátíðir í Fjallabyggð
Málsnr.: 1602031
Dags.: 10.02.2016
Unnið af: KJR

- Á fundi bæjarráðs þann 14. nóvember lagði bæjarráð til að haldinn verði fundur markaðs- og menningarnefndar með forsvarsmönnum hátíða sem haldnar eru í Fjallabyggð. Bæjarráð fól markaðs- og menningarfulltrúa skipulag fundarins.
- Markaðs- og menningarfulltrúi ásamt formanni markaðs- og menningarnefndar funduðu með forsvarsmönnum Þjóðlagahátíðar, Blúshátíðar og Berjadaga.
- Forsvarsmenn Síldarævintýris komu sérstaklega inn á fund nefndarinnar í kjölfar skýrslu sem send var bæjaryfirvöldum og þar sem fram kom að nefnd um Síldarævintýri segði sig frá frekari störfum við skipulag Síldarævintýrisins.
- Aðalfundur félags um Síldarævintýri var haldinn í janúar og þar mættu þrír fyrir utan stjórn og var aðalfundi frestað þar sem ekki tókst að manna nýja stjórn.
- Í framhaldi af aðalfundinum var boðað til íbúafundar þann 4. febrúar þar sem staða hátíðarhalds var rædd. Góð mæting var á fundinn og fínar umræður.
- Á fundinum komu fram eftirtaldar upplýsingar um hátíðir 2015:

Hátíð	Tekjur	Gjöld	Afgangur/tap	Styrkur Fb.	Hlutfall af gjöldum
Sjómannahátíð	6.809.000 kr.	6.749.618 kr.	59.382 kr.	600.000 kr.	8,9%
Reitir	3.400.000 kr.	3.255.296 kr.	144.704 kr.	115.000 kr.	3,5%
Þjóðlagahátíð	8.505.000 kr.	8.797.962 kr.	-292.962 kr.	1.000.000 kr.	11,4%
Blúshátíð	1.571.000 kr.	1.913.000 kr.	-342.000 kr.	750.000 kr.	39,2%
Berjadagar	987.000 kr.	880.110 kr.	106.890 kr.	600.000 kr.	68,2%
Síldarævintýri	4.483.590 kr.	4.510.155 kr.	-26.565 kr.	2.504.000 kr.	55,5%
Samtals:	25.755.590 kr.	26.106.141. kr.	-350.551 kr.	5.569.000 kr.	21,3%

- Í viðtali við forsvarsmann Þjóðlagahátíðar kom fram að hátíðin sé í föstum skorðum og leitað væri allra leiða til að afla styrkja til hátíðarinnar. Kom fram að það væri bagalegt hvað sumir sjóðir svöruðu seint sem setur skiplagi hverrar hátíðar þröngar skorður. Forsvarismaður hátíðarinnar sá ekki að hægt væri að keyra hátíðina samhliða einhverri annarri hátíð.
- Í viðtali við forsvarsmenn Blúshátíðar kom fram að þeir væru að leita leiða til að endurskipuleggja hátíðina bæði fjárhagslega sem og uppsetningu hátíðarinnar. Eru þeir komnir í samstarf við Listhúsið í Ólafsfirði upp á að nýta tengslnet hússins í þá veru að fá fleiri erlenda tónlistarmenn að hátíðinni án þess þó að það þýði auka kostnað. Þeir sögðust þó vera opnir fyrir öllum góðum hugmyndum sem gæti orðið til þess að efla hátíðina að nýju og ef samstarf við aðra hátíð gæti orðið til þess myndu þeir ekki horfa framhjá því.
- Í viðtali við forsvarsmann Berjadaga kom fram að ef hátíðin ætti að vera á sama tíma og einhver önnur hátíð þyrfti að skoða þá hluti mjög vel og við fyrstu sýn ætti klassíks tónlistarhátíð litla samleið með öðrum tónlistarhátíðum. Hátíðin treystir mjög á framlag bæjarfélagsins. Sótt hefur verið um styrki til Tónlistarsjóðs og svo til fyrirtækja í Ólafsfirði. Ekki hefur verið hægt að treysta á föst framlög þeirra.
- Af þessum hátíðum eru þrjár þeirra sem draga til sín gesti; Sjómannahátíðin, Þjóðlagahátíðin og Síldarævintýrið. Gestir á Blúshátíð 2015 voru innan við 200 og á Berjadaga komu rúmlega

500 á þá viðburði sem voru í Tjarnarborg. Fyrst og fremst er þetta heimafólk sem mætir á þessa viðburði.

- Framlög Fjallabyggðar til þessara hátíða í heild sinni verða að teljast góð eða rúmlega 21% af útlögðum kostnaði. Hér er ótalið allt óbeint framlag, s.s. afnot af húsnæði, vinna bæjarstarfsmanna, aðrar auglýsingar o.s.frv.
- Á íbúafundinum komu fram tvö sjónarmið; annars vegar að Fjallabyggð þyrfti að koma meira að framkvæmd hátíðanna og þá var Síldarævintýrið sérstaklega nefnt og hins vegar þá þyrftu þjónustuaðilar að leggja stærri upphæðir í pottinn til að auðvelda framkvæmd hátíðanna. Hér var Síldarævintýrið einnig sérstaklega nefnt til sögunnar.
- Að okkar mati gæti það reynst Fjallabyggð erfitt að fara hampa einni hátíð umfram aðrar þegar kemur að frekari stuðningi.
- Ljóst er að stærstu hátíðirnar skila mestu til samfélagsins/þjónustuaðila þar sem flestir gestir koma á þær hátíðir.
- Ef ekki tekst að manna nýja stjórn Síldarævintýrisins eru líkur á því að hátíðin leggist af og það getur ekki talist gott eða bæjarfélaginu til framdráttar eftir 25 ára samfelld ár. Mjög erfitt gæti reynst að starta Síldarævintýrinu að nýju ef það leggst af. Þetta á reyndar við um allar hátíðir.

Fjallabyggð, 10.02.2016

Arndís Erla Jónsdóttir
Kristinn J. Reimarsson